



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. febrúar 2007

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005, 522. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið ofangreint mál til umsagnar. SA fékk málið einnig til umsagnar frá viðskiptaráðuneytinu og setti þá fram fjölmargar athugasemdir við ráðuneytið án þess að tekið væri tillit til þeirra nema í mjög takmörkuðum mæli.

SA taka undir það markmið laganna að vinna gegn brotum á samkeppnislögum. Við ákvörðun refsireglna verði þó ávallt að gæta meðalhófs.

Athugasemdir SA beinast aðallega að því að í frumvarpinu er að mörgu leyti gengið mjög langt í að herða refsirammann gagnvart fyrirtækjum, samtökum fyrirtækja og einstaklingum og mun lengra en í nágrannaríkjum okkar

Að vísu er gert ráð fyrir að verknaðarlýsingar verði skýrari en er samkvæmt núgildandi lögum. Verður einstaklingum nú aðeins refsað vegna ákveðinna brota á nánar tilgreindum ákvæðum samkeppnislaga. Sú breyting verður að teljast jákvæð. SA telur engu að síður að ekki séu rök fyrir því að að herða refsirammann eins og lagt er til. Einkum með tilliti til þess gáleysismats sem lagt er til grundvallar, en einfalt gáleysi virðist nægja til sakfellingar einstaklinga. Að mati SA ber að einskorða refsingar einstaklinga við að huglægt skilyrði um ásetning eða stórkostlegt gáleysi sé uppfyllt. SA telja að viðurlög við brotum á samkeppnislögum eigi að meginstefnu til að vera í formi sekta. Þá gera samtökin einnig alvarlegar athugasemdir við tillögur frumvarpsins hvað varðar sektir á samtök fyrirtækja og innheimtu þeirra. Sama gildir um fyrningarfræst, sem SA telur að eigi að vera 5 ár eins og í nágrannalöndum okkar og sá sami bæði fyrir lögaðila og einstaklinga.

Nánar er gerð grein fyrir athugasemdum SA í einstökum liðum hér að neðan auk þess sem settar eru fram tillögur til breytinga á frumvarpinu.

Stjórnvaldssektir á fyrirtæki

Ekki eru gerðar athugasemdir varðandi ákvæði frumvarpsins um stjórnvaldssektir á fyrirtæki. Það er einnig jákvætt að mati SA að mögulegt verði að ljúka málum með sátt á vettvangi Samkeppniseftirlitsins.

Stjórnvaldssektir á samtök fyrirtækja

Hvað varðar sektarákvarðanir vegna brota samtaka fyrirtækja er í frumvarpinu lagt til að tekið sé upp nýtt og að hluta til séríslenskt fyrirkomulag. Ákvörðun sekta og greiðsluábyrgð er tengd



aðild fyrirtækja að stjórn slíkra samtaka með mjög óheppilegum hætti, eins og nánar er gerð grein fyrir hér að neðan.

Samtökum fyrirtækja er á sama hátt og einstökum fyrirtækjum skylt að virða ákvæði samkeppnislaga og haga starfsemi sinni í samræmi við það. Mikilvægi þess er ekki dregið í efa. Einstök fyrirtæki sem aðild eiga að samtökum fyrirtækja bera einnig ábyrgð á gerðum sínum á vettvangi samtakanna. Því verður ekki séð að þörf sé á sérstökum og strangari sektarákvæðum hvað varðar starfssemi fyrirtækja innanlands en gildir almennt um fyrirtæki.

Í 2. gr. frumvarpsins er engu að síður mælt fyrir um að ef brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra geti fjárhæð sektar numið allt að 10% heildarveltu þeirra fyrirtækja sem fulltrúa eiga í stjórn samtakanna. Síðan segir að ef samtök fyrirtækja sem sektuð eru, eru ekki gjaldhæf sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að krefja hvert það fyrirtæki sem á fulltrúa í stjórn samtakanna um greiðslu, þó aldrei meira en sem nemur 10% af heildarveltu þess á síðasta rekstrarári. Fjárskuldbinding hvers fyrirtækis vegna greiðslu sektarinnar skal þó ekki vera hærri en 10% af heildarveltu þess á síðasta rekstrarári.

Með þessum ákvæðum er ekki aðeins verið að hækka sektir á samtök fyrirtækja verulega heldur breyta í grundvallaratriðum fyrirkomulagi sektarinnheimtu á slík samtök og tengja hana stjórnarsetu í fyrirtækjunum.

Þetta er rökstutt í athugasemdum frumvarpsins með tilvísan til þróunar í EES/EB samkeppnisrétti. Þess er þó ekki sérstaklega getið að sú fyrirmynd sé óskuldbindandi hvað varðar innanlandsrétt, né heldur að ákvæðið sé frábrugðið EES réttinum í veigamikilum atriðum.

Reglugerð 1/2003 EB sem tillaga frumvarpsins er byggð á tekur ekki til framkvæmdar samkeppnisreglna í innanlandsrétti hvers ríkis fyrir sig heldur eingöngu þegar um er að ræða brot á samkeppnisreglum Rómarsáttmálans vegna viðskiptahátta sem teygja sig yfir landamæri Evrópusambandsins. Engin skylda hvílir á aðildarríkjum Evrópusambandsins eða EES-svæðisins að innleiða reglur þessar inn í þau samkeppnislög sem snúa að innanlandsviðskiptum. Hefur ekkert hinna Norðurlandanna valið þá leið sem hér er fyrirhuguð, þ.e.a.s. að innleiða ákvæði reglugerðarinnar með þessum hætti.

23. gr. fyrrgreindrar reglugerðar mælir fyrir um framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt 81. og 82. gr. Rómarsáttmálans, (53. og 54. gr. EES-samningsins.) Ákvæði þeirrar greinar sem fyrirmyndin er sótt til er svohljóðandi:

*“Ef brot samtaka tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers aðila sem **er virkur á þeim markaði** sem brot samtakanna hefur áhrif á”.*

Hvað varðar innheimtu og ábyrgð á sektargreiðslum segir síðan:

*“Ef samtök fyrirtækja eru sektuð með hliðsjón af veltu aðila að samtökunum og þau eru ekki gjaldhæf eru samtökin skuldbundin til að leita eftir framlagi frá aðilum að samtökunum til greiðslu sektarinnar. Ef slík framlög berast samtökunum ekki innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur er henni heimilt að krefjast greiðslu sektarinnar beint frá einhverju þeirra fyrirtækja sem áttu fulltrúa í þeim stjórnnum samtakanna sem hlut eiga að máli (**decision making bodies concerned of the association**). Þegar framkvæmdastjórnin hefur krafist greiðslu samkvæmt annarri undirgrein er henni heimilt, til að tryggja fullnaðargreiðslu sektarinnar, að krefja einhvern þann aðila að samtökunum, sem er **virkur á þeim markaði þar sem brotið á sér stað**, um greiðslu á mismuninum.”*

Eins og sjá má af ofangreindum texta er þá tengingu sem ákvæði frumvarpsins býr til á milli þeirra fyrirtækja sem fulltrúa eiga í stjórn samtakanna og sektar á samtök fyrirtækja ekki að



finna í reglugerðinni. Samkvæmt reglugerðinni er það ekki fyrr en ljóst er að bæði innheimta sektarinnar hjá samtökunum sjálfum og innheimta samtakanna hjá félagsmönnum sínum er árangurslaus að heimilt er að innheimta sektina hjá þeim fyrirtækjum sem fulltrúa eiga í þeirri stjórnareiningu sem tók viðkomandi ákvörðun. Það er því skilyrði að sú stjórnareining hafi tekið hina ólöglegu ákvörðun.

Fyrirvaralaus tenging sektarupphæðar og greiðsluábyrgðar við það hvort fyrirtæki eigi fulltrúa í stjórn samtakanna, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, á sér því enga stoð í Evrópurétti. Hún er auk þess afar óheppileg vegna þeirrar óvissu ábyrgðar og áhættu sem stjórnarseta kann að fela í sér fyrir fyrirtæki. Hætt er því við að erfitt geti reynst að fá fyrirtæki sem aðilar eru að frjálsum félagasamtökum á borð við SA og aðildarfélög þess til þess að taka sæti í stjórn samtakanna. Með slíku er vegið að starfsemi frjálsra félagasamtaka í landinu. Þróunin getur þá orðið sú að stjórnir slíkra félagasamtaka verði skipaðar færri fulltrúum og að þeir verði frekar frá litlum fyrirtækjum með litla veltu.

Þá er vert að benda á að ef tengja á veltu þeirra fyrirtækja sem eru meðlimir í samtökum við fjárhæð sektar á samtökin sjálf og veita auk þess heimild til að innheimta sektina beint hjá fyrirtækjunum sjálfum er opnað fyrir þann möguleika að fyrirtækin séu í raun sektuð tvöfalt. Í þeim tilvikum þar sem brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra á markaði eru fyrirtækin sjálf einnig brotleg við samkeppnislög. Sú staða kemur því upp að fyrirtækin sjálf eru sektuð með hliðsjón af veltu sinni og svo er velta þeirra notuð aftur til að finna fjárhæð sektar á þau samtök sem þau tilheyra og um leið er hægt að innheimta sektina hjá fyrirtækjunum sjálfum. Er slík útkoma óeðlileg og í engu samræmi við brot fyrirtækisins enda væri Samkeppniseftirlitið þegar búið að gera fyrirtækinu sekt með hliðsjón af broti þess.

Með vísan til ofangreinds leggur SA til:

- Að 2. málslíður 2. mgr. 2 greinar frumvarsins, “Ef brot samtaka tengjast... .. sem á fulltrúa í stjórn samtakanna.” falli niður. Einnig er lagt til að 5. og 6. mgr. 2. gr. falli niður.
- Um þau mál sem kunna að falla undir EES réttinn fari hins vegar samkvæmt VII kafla samkeppnislaga, sem fjallar um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. skv. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Gildissvið þeirra reglna sem leiddar verða af reglugerð 1/2003 afmarkist við þau mál sem undir þann kafla falla.

Refsingar einstaklinga

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins geta starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækja sætt sektum eða fangelsi allt að sex árum fyrir samráðsbrot. Refsihámark samkvæmt göldum er fjögur ár. Hér er því um verulega þyngingu refsingar að ræða sem ekki verður séð að eigi rétt á sér.

Í b. lið 4. gr. frumvarpsins er lagt til að refsing verði lögð við að spilla rannsóknargögnum og því ef veittar eru rangar villandi eða ófullnægjandi upplýsingar. Það getur varðað sektum eða fangelsi allt að þremur árum í fyrra tilvikinu en tveimur árum í því síðara. Hér er einnig verið að skerpa refsingar án tillits til hvort brot er framið af ásetningi eða gáleysi.

Að mati SA á það að vera meginregla að brot á samkeppnislögum varði sektum. Brot sæti því aðeins fangelsi að sakir séu miklar og brot viðkomandi einstaklings verið án heimildar eða vitneskju fyrirtækisins eða viðkomandi starfsmaður hefur auðgast eða haft persónulegan ávinning af brotinu.



Reyndar má spyrja má hvort eðlilegt sé að einstaklingum sé gerð refsing í tengslum við samkeppnislagabrot enda slík brot í eðli sínu framin af lögaðilum. Í þeim tilvikum þar sem til greina kemur að refsa einstaklingum fyrir brot á samkeppnislögum hefur þeim fyrirtækjum sem þeir starfa eða störfuðu fyrir þegar verið gerð refsing í formi stjórnvaldssekta. Með því að refsa einnig einstaklingunum er því verið að refsa tvisvar sinnum fyrir sama brotið.

Vert er að hafa í huga hversu erfitt það getur verið fyrir einstakling að halda uppi vörnum gegn ákæru um brot á samkeppnislögum. Viðkomandi einstaklingur á engan rétt til þess að fá aðstoð þess fyrirtækis sem brotið hefur framið. Þannig á einstaklingurinn ekki rétt á að fá að skoða skjöl fyrirtækisins, bókhald eða tölvugögn sem er honum þó væntanlega nauðsynlegt til að sanna sakleysi sitt. Í mörgum tilvikum væri viðkomandi einstaklingur hættur starfsemi fyrir fyrirtækið. Þá hefur einstaklingurinn enga möguleika á að tryggja tilvist gagna frá þeim tíma sem hið meinta samkeppnislagabrot átti sér stað.

Þá er óeðlilegt og gagstætt sjónarmiðum um réttaröryggi að það varði refsingu að veita það sem kallað er ófullnægjandi upplýsingar án þess að sú refsheimild sé skýrð nánar. Engin þörf er á slíkri heimild nema upplýsingagjöfin sé villandi. Slík refsheimild er þegar til staðar í frumvarpinu.

Til samanburðar er rétt að skoða réttarstöðuna samkvæmt Evrópurí nágrannaríkjunum. Þar er staðan ýmist þannig að einstaklingum er almennt ekki gerð refsing fyrir samkeppnislagabrot eða að slíkar heimildir eru mun þrengri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

- Rómarsamningurinn og EES-samningurinn – einstaklingum ekki refsað.
- Sænsk samkeppnislög – einstaklingum ekki refsað.
- Finnisk samkeppnislög – einstaklingum ekki refsað.
- Dönsk samkeppnislög – einstaklingar geta sætt sektum nema brot varði þyngri refsingu skv. öðrum lögum. Gerð er krafa um ásetning eða stórkostlegt gáleysi.
- Norsk samkeppnislög – einstaklingar geta sætt sektum eða fangelsi í allt að þrjú ár. Sérregla er varðandi samráðsbrot ef sakir eru sérlega miklar um fangelsi í allt að sex ár. Gerð er krafa um ásetning eða stórkostlegt gáleysi.

Krafa um að brot sé framið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi

Þá verður að mati SA að einskorða refsingar einstaklinga við að huglægt skilyrði um ásetning eða stórkostlegt gáleysi sé uppfyllt. Frumvarpið sjálf segir ekkert um hvaða saknæmisskilyrði þurfi að vera uppfyllt og verður slíkt að teljast óæskilegt miðað við þær kröfur sem í dag eru gerðar til skýrleika refsheimilda. Samkvæmt þeirri meginreglu refsiréttar um sérrefsilög, að gagnálykta verði frá 18. gr. almennra hegningarlaga og að í sérrefsilögum sé ásetningur og gáleysi lagt að jöfnu nema sérstaklega sé kveðið á um annað, nægir einfalt gáleysi til refsingar einstaklinga við samkeppnislagabrotum.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að sú staða getur komið upp að starfsmaður sé eingöngu að taka við fyrirmælum frá yfirmanni eða stjórn fyrirtækisins um hegðun fyrirtækisins á markaði og hafi ekki mikið um þá framkvæmd að segja. Ef slík framkvæmd telst síðar vera brot á samkeppnislögum gæti viðkomandi starfsmaður átt yfir höfði sér refsingu jafnvel þótt hann hefði ekki verið að fylgja öðru en stefnu fyrirtækisins og engan ávinning haft af brotinu. Þá ber að gæta að því að framkvæmdastjóri og stjórnarmenn fyrirtækja bera jafnframt stjórnendaábyrgð, jafnt skaðabóta- sem refsíabýrgð, samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga.

Með vísan til ofangreinds leggur SA til að 4. gr. frumvarpsins verði breytt þannig:



- Að bætt verði inn í 1. mgr. a. (41. gr.a.) og 1. og 2. mgr. b. (41. gr.b.) skilyrði um að brot sé framið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
- Að starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækis sæti því aðeins fangelsi að sakir séu miklar og brot viðkomandi einstaklings verið án heimildar eða vitneskju fyrirtækisins eða viðkomandi starfsmaður hefur auðgast eða haft persónulegan ávinning af brotinu.
- Að refsihámark samkvæmt 1. mgr. a. liðar verði óbreytt 4 ár.
- Að orðin “eða ófullnægjandi” í 2. mgr. b. liðar (41. gr. b) verði felld niður.

Þagnarréttur

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að ekki sé heimilt að nota upplýsingar sem fyrirsvarsmáður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirlitinu sem sönnunargagn í opinberu máli sem höfðað er gegn honum vegna brota á samkeppnislögum. Hins vegar hvílir ákveðin skylda á einstaklingum sem tengjast samkeppnisbrotum að svara spurningum Samkeppniseftirlitsins og láta eftirlitinu í té þær upplýsingar sem það óskar eftir við málsmeðferðina, sbr. 19. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt frumvarpinu varðar það einstaklinga refsingu að veita ófullnægjandi upplýsingar í þessu sambandi. Geta einstaklingar þannig ekki neitað að svara spurningum Samkeppniseftirlitsins eða láta eftirlitinu í té þau skjöl eða önnur sönnunargögn sem óskað er eftir, jafnvel þótt slíkt geti leitt til þess að það fyrirtæki sem viðkomandi starfar hjá eða er eigandi að yrði beitt stjórnvaldssektum. Með öðrum orðum er þagnarréttur lögaðila ekki virtur í frumvarpinu. Verður að hafa í huga að þeir sömu einstaklingar og er gert að gefa skýrslu hjá Samkeppniseftirlitinu og sem leitt getur til álagningar stjórnvaldssekta eiga skýlausa kröfu á því að njóta réttarstöðu sakbornings hjá lögreglu og þar með réttar til þess að neita að svara spurningum. Þetta tvennt getur ekki farið saman svo vel sé.

Ljóst er að ákvæði 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð nær til álagningar stjórnvaldssekta enda telst brot gegn bannákvæðum samkeppnislaga til refsiverðrar háttsemi í skilningi greinarinnar og sektir sem lagðar eru á fyrirtæki á grundvelli samkeppnislaga teljast til refsinga eins og það hugtak hefur verið skilgreint í refsirétti. Í 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans er að finna þá meginreglu að sér hver aðili hafi rétt til að fella ekki á sig sök. Hefur þetta verið túlkað af Mannréttindadómstólnum á þann hátt að óheimilt sé að beita ótilhlýðilegri þvingun til að ná fram upplýsingum og að nota síðan slíkar upplýsingar í eftirfarandi sakamáli. Slík ótilhlýðileg þvingun getur falist í möguleikanum á að lagðar verði sektir á viðkomandi eða hann sviptur frelsi sínu neiti hann að svara spurningum eða leggja fram sönnunargögn sem geta fellt á hann sök. Er talið að lögaðilar njóti þessa þagnarréttar Mannréttindasáttmálans, þó hugsanlegt sé að hann sé takmarkaðri en sá réttur sem einstaklingar njóta. Er líklegt að frumvarpið brjóti í bága við ákvæði Mannréttindasáttmálans að þessu leyti. Er því hér lagt til að frumvarpinu verði breytt á þann hátt að þagnarréttur lögaðila verði virtur.

Með vísan til ofangreinds leggur SA til að frumvarpinu verði breytt þannig:

- Að inn komi nýtt ákvæði um breytingu á 19. gr. núgildandi laga þannig að einstaklingum, fyrirtækjum, fyrirtækjahópum og samtökum fyrirtækja sé óskýlt að svara spurningum er varða hegðun sem viðkomandi er gefin að sök og sem varðað getur refsingu.

Fyrningarfrestur fyrir álagningu stjórnvaldssekta á fyrirtæki



Í frumvarpinu er lagt til að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það mat SA að þessi fyrningarfrestur sé allt of langur. Eðlilegt sé að fyrningarfresturinn sé ekki lengri en fimm ár. Byggist þessi skoðun á eftirfarandi röksemdum.

Í nágildandi samkeppnislögum er ekki að finna ákvæði um fyrningu brota gegn lögnum. Almenn ákvæði um fyrningu afbrota er hins vegar að finna í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum. Ákvæði 80. gr. laganna er svohljóðandi: „*Sakir fyrnast samkvæmt ákvæðum 81. og 82. gr. Á það einnig við um brot samkvæmt sérrefsilögum, nema þar sé á annan veg mælt.*“ Með 5. gr. laga nr. 39/2000 var bætt nýrri málsgrein við ákvæði 81. gr. almennra hegningarlaga þar sem tiltekið er að fyrningarfrestur vegna refsíabyrgðar lögaðila sé 5 ár. Í athugasemdum í greinargerð við 5. gr. laga nr. 39/2000 segir:

„Samkvæmt 1. tölul. 81. gr. almennra hegningarlaga fyrnist sök skemmst á tveimur árum þegar ekki liggur þyngrri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú sem til er unnið fer ekki fram úr sektum. Þessi fyrningarfrestur á við um lögaðila, enda verður þeim ekki gert að sæta annarri refsingu en fésekt, sbr. 19. gr. a almennra hegningarlaga. Ekki þykir rétt að sami fyrningarfrestur sakar eigi við um lögaðila og gildir um persónubundna refsíabyrgð þegar vægust refsing liggur við broti. Brot í starfsemi lögaðila geta verið umfangsmikil og alvarleg og hætt er við að reynt sé að dylja slíka brotastarfsemi. Með hliðsjón af þessu er lagt til að fyrningarfrestur vegna lögaðila verði fimm ár.“

Verður ekki séð hvaða rök hníga að því að víkja nú frá þessu mati löggjafarvaldsins um að almennur fyrningarfrestur vegna brota lögaðila sé fimm ár. Ber löggjafanum að hafa sem mest samræmi í lögum og reglum til einföldunar fyrir borgara og ber að forðast sérlagaákvæði með sérstökum fyrningarfrestum sem ekki eru í samræmi við hina almennu reglu.

Er einnig vert að hafa í huga að í sænskum rétti er kveðið á um 5 ára fyrningarfrest vegna samkeppnislaga brota sem varðað geta stjórnvaldssektum. Dönsk samkeppnisyfirköld hafa ekki heimild til að leggja á stjórnvaldssektir en þar gildir hins vegar almennur 5 ára fyrningarfrestur vegna brota á samkeppnislögum. Þá má geta þess að almennur fyrningarfrestur samkvæmt áður tilvitnaðri reglugerð ESB nr. 1/2003 er 5 ár, sbr. 25. gr. Með lagabreytingunni um lengingu fyrningarfrests í 7 ár væri verið að fara mun lengra í heimild stjórnvalda til að leggja sektir á fyrirtæki en nágrannaríki okkar hafa talið ráðlegt og gildir samkvæmt EES samkeppnisrétti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fyrningarfrestur rofni við upphafsáðgerðir Samkeppniseftirlitsins vegna rannsóknar máls. Í greinargerðinni með frumvarpinu er sagt að þetta eigi sér hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga er svohljóðandi:

„Fyrningarfrestur rofnar þegar rannsókn opinbers máls hefst fyrir rannsóknara gegn manni sem sakborningi. Í málum, sem lögreglan má samkvæmt lögum ljúka með sátt, rofnar fyrningarfrestur þegar lögreglan sakar mann um brot og kynnir honum sáttaboð. Þegar lög heimila stjórnvaldi endranær að kveða á um refsingu fyrir brot rofnar fresturinn þegar stjórnvaldið sakar mann um slíkt brot. Nú rofnar fyrningarfrestur gagnvart fyrirsvarsmanni lögaðila, starfsmanni hans eða öðrum á hans vegum og rofnar þá fyrningarfrestur jafnframt gagnvart lögaðilanum. Rof fyrningarfrests gagnvart lögaðila leiðir ekki til rofs á fyrningarfresti gagnvart fyrirsvarsmanni, starfsmanni eða öðrum á vegum lögaðilans.“

Samkvæmt skýru orðalagi tilvitnaðs ákvæðis rofnar fyrningarfrestur í samkeppnismálum þegar stjórnvald sem fer með sektarvaldið, í þessu tilviki Samkeppniseftirlitið, sakar lögaðila um brot gegn ákvæðum samkeppnislaga. Verður ekki séð að þörf sé á að breyta þessari almennu reglu



refsiréttar til þyngingar fyrir lögaðila. Verður að hafa í huga að reynslan hefur sýnt að rannsóknir samkeppnisyrvalda á stórum málum hafa oft tekið fjölda ára og er dæmi um rannsókn máls sem tekið hefur 7-8 ár. Er ótækt að eftir allan þann tíma þurfi það fyrirtæki sem rannsókn beinist að, að hafa yfir höfði sér ásanir um brot á samkeppnislögum. Verður að hafa í huga að þessu leyti að orðspor fyrirtækis á markaði er mikilvægasta eign fyrirtækisins og grundvöllur áframhaldandi reksturs þess.

Með vísan til ofangreinds leggur SA til:

- Að 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögnum falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.
- Að 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að frestur skv. 1. mgr. rofni þegar Samkeppniseftirlitið sakar aðila um brot á samkeppnislögum.

Fyrningarfrestur vegna brota einstaklinga

Þar sem refsiramminn fyrir einstaklinga vegna brota á samkeppnislögum er hækkaður í sex ár í frumvarpinu lengist fyrningarfrestur vegna brotanna sjálfkrafa samkvæmt ákvæðum 81. gr. almennra hegningarlaga. Þannig verður fyrningarfrestur á brotum gagnvart einstaklingum 10 ár. Með þessu yrði fyrningarfrestur vegna brota einstaklinga lengri en vegna brota þess fyrirtækis sem framdi brotið þar sem frumvarpið mælir fyrir um 7 ára fyrningarfrest vegna brota lögaðila. Ekki verður séð að þessi mismunun sé rökstudd í frumvarpinu.


Eins og áður var rakið getur það verið mjög erfitt fyrir einstakling að halda uppi vörnum í samkeppnismálum vegna takmarkaðs aðgangs að þeim gögnum sem tengjast hinu meinta broti. Í upphaflegu frumvarpi var gert ráð fyrir að fyrningarfrestur vegna brota lögaðila væri 10 ár en sá tími var stytur í 7 ár enda kveða bókhaldslög á um skyldu fyrirtækja til að geyma gögn í 7 ár. Verði frumvarpið í núverandi mynd að lögum gæti sú staða komið upp að fyrirtækið væri búið að farga öllum gögnum eldri en 7 ára þegar starfsmaður þess væri ákærður fyrir brot á samkeppnislögum. Er slíkt óásættanlegt og því lagt til að fyrningarfrestur vegna brota einstaklinga haldist í hendur við fyrningarfrest gagnvart brotum lögaðila. Eins og áður hefur komið fram leggur SA til að sá frestur verði ekki lengri en 5 ár.


Með vísan til ofangreinds leggur SA til:

- Að bætt verði ákvæði við 4. gr. frumvarpsins sem mæli fyrir um að sök samkvæmt 41. gr. a fyrnist á 5 árum.
- Til vara að 4. gr. frumvarpsins mæli fyrir um að sök samkvæmt 41. gr. a fyrnist á 7 árum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins


Hrafnildur Stefánsdóttir lrl.


Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.